



Vöktun náttúruverndarsvæða 2020

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee, desember 2020



Náttúrustofa Vesturlands

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Selir við Ytri Tungu	3
Ástand áningarstaða	4
Fuglalíf við Blautós og á Mýrum.....	6
Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði	6
Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.....	8
Vinnuframlag.....	9
Að lokum	9

Inngangur

Sumarið 2020 hófst vettvangsvinna í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Náttúrustofa Vesturlands tók að sér fimm skilgreind verkefni. Hér verður stuttlega sagt frá hverju og einu þeirra, þar á meðal markmiðum, helstu aðferðum og hvernig framkvæmd þeirra gekk.



Athugunarsvæði Náttúrustofu Vesturlands sumarið 2020. Stór blár punktur er við Ytri Tungu, bleikir punktar á athugunarsvæðum áningarstaða ferðamanna, appelsínugulir hringir um fuglatalningarsvæði, ljósgrænir punktar sýna bjargfuglasnið og rauður hringur er utan um svæðið þar sem ábúð refagrenja var könnuð.

Selir við Ytri Tungu

Tilgangur: Að vakta áhrif ferðamanna á seli við Ytri Tungu í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Framkvæmd

Fjöldi, dreifing og atferli sela og ferðamanna var skráð sumarið 2020. Tveir athugunarmenn komu sér fyrir á tveim ólíkum athugunarstöðum á Ytri Tungu og skráðu fjölda og atferli sela í 8 atferlisflokka á 15 mínútna fresti í 4 klst. samfleytt í kringum háfjöru. Á sama tíma var fjöldi, samsetning, dreifing og atferli ferðamanna skráð og gefin truflunareinkunn út frá fjarlægð, hreyfingu og hávaða. Athugunarsvæðið er nokkuð víðfeðmt og landslag þannig að ekki sáust allir selir frá athugunarstöðum. Þess vegna var notast við dróna sem flaug yfir svæðið og tók kortlagningarmyndir, sem síðar var talið af. Ýmsar áskoranir komu í ljós varðandi framkvæmdina og fór talsverð vinna í að fínþússa aðferðafræði. Að því loknu gekk framkvæmdin mjög vel. Sandra G. Granquist hjá Hafrannsóknastofnun og Selasetri Íslands var Náttúrustofu Vesturlands til ráðgjafar við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið var unnið með leyfi landeiganda, Stefáns Friðfinnssonar, og var honum haldið upplýstum um framgang verkefnisins.

Frávik frá verkefnislýsingu

Ákveðið var að taka saman aðferðalýsingu og helstu niðurstöður verkefnisins, þótt slík vinna hefði ekki verið inni í áætlun verkefnisins. Var það gert á ábyrgð og kostnað Náttúrustofunnar. Ástæða þótti til þess annars vegar vegna þess að aðferðir þróuðust nokkuð frá því sem fyrirhugað var því þær þurfti að aðlagja þessu nýja rannsóknarsvæði og hins vegar til að við áttuðum okkur betur á efniviðnum sem við vorum með. Skýrslan er ekki ætluð til útgáfu eða dreifingar á þessu stigi en var send verkefnisstjórn til upplýsingar.¹

Helstu niðurstöður

Allt að 78 selir sáust á svæðinu en voru að jafnaði 52 í hverri drónatalningu. Fjölmarginir ferðamenn sóttu svæðið heim. Atferli sela var skráð 5.172 sinnum í 12 heimsóknum á svæðið (gert var ráð fyrir 9 heimsóknum í áætlun). Vegna þess að mun færri ferðamenn komu á svæðið en undanfarin ár vegna kórónaveirufaraldursins, fengust mjög góðar upplýsingar um atferli sela þegar ekkert fólk var á svæðinu. Aftur á móti komu fram mjög skýr viðbrögð sela við umgengni ferðamanna þegar þeir voru á svæðinu. Voru þau allt frá því að vera tiltölulega væg upp í ofsahræðslu og flóttu. Ferðamenn sýndu ítrekað óviðeigandi hegðun sem mögulega getur haft talsverð neikvæð áhrif á þá fjölmörgu seli sem nota svæðið sem látur og til hvíldar. Þetta sást þrátt fyrir að ferðamenn hafi verið mun færri árið 2020 en árin þar á undan, eins og sést vel þegar skoðaðar eru niðurstöður úr bílateljara sem staðsettur er á innkeyrslu svæðisins.

¹ Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson 2020. Vöktun á áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu á Snæfellsnesi. Hluti af verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Óútgefin frumskýrsla, okt. 2020, 25 bls.

Mikilvægt er að halda áfram vöktun á áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu. Einnig þarf að huga að ráðstöfunum til að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á seli. Við það skapast frábært tækifæri til að mæla áhrif verndaraðgerða með áframhaldandi vöktun á atferli sela og ferðamanna.

Ástand áningarstaða

Tilgangur: Að afla grunnupplýsinga um ástand og álag á nokkrum áningarstöðum ferðamanna á Vesturlandi og meta hvort ástæða sé til að vakta þau vegna álags.

Framkvæmd

Eftirfarandi svæði voru heimsótt og gagna aflað í byrjun júní og byrjun september 2020:

- Surtshellir/Hallmundarhaun
- Oddauppsprettur
- Hraunfossar/Barnafoss
- Lambeyrarkvísl
- Landbrotalaug
- Rauðamelsölkelda
- Skonsur við Horn
- Áningarstaður við Selvallavatn
- Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn

Á hverju svæði voru teknar ljósmyndir með dróna; annars vegar yfirlitsmyndir en hins vegar kortlagningarmyndir. Á jörðu niðri var gengið um svæðið og ljósmyndir teknar á völdum stöðum sem þóttu geta gefið góða vísbendingu um ástand svæðisins og breytingar á því, t.d. göngustíga og traðk. Slíkir staðir voru staðsettir með GPS tæki og stefna myndatöku í gráðum tekin með áttavita.

Frávik frá verkefnislýsingu

Ekki var farið á Jökulháls við Snæfellsjökul sumarið 2020. Ástæðurnar voru þrjár: a) Vegurinn var ófær í byrjun júní, b) ekki var aðgangur að jeppa til að fara yfir Jökulháls í byrjun september og c) nokkuð meiri tími fór í að klára öll hin svæðin en gert var ráð fyrir. Stefnt er að því að fara á Jökulháls sumarið 2021.

Helstu niðurstöður

Valin svæði eru greinilega afar mismikið sótt af ferðamönnum og í mismunandi ástandi. Sum eru mjög fjölsótt en önnur enn ekki komin inn á ratsjá ferðamanna. Það fjölsóttasta er án efa *Hraunfossar* en líklega er minnst umferð fólks að *Lambeyrarkvísl*.

Surtshellir/Hallmundarhraun: Gróðurfar svæðisins (mosagróður á ungu hrauni) er mjög viðkvæmt þarna við brún hálendisins. Lengst af var stýring ferðamanna lítil sem engin, þannig að miklar skemmdir hafa verið unnar á hellunum (ekki skoðað hér) og fjölmargir og margra metra breiðir göngustígar hafa myndast á milli hellisopa. Þetta er mjög áberandi á jörðu niðri en skemmdirnar sjást enn betur úr lofti. Umhverfisstofnun hefur nýlega sett upp girðingar til að afmarka þá göngustíga sem fólk á að nota.

Verkið stendur enn yfir og vantar nokkuð upp á að það klárast en engu að síður er líklegt að þessi framkvæmd hafi mjög jákvæð áhrif. Þó eru líkur á að a.m.k. áratugir líði áður en gróðurfar á flökkustígum hefur náð sér.

Oddauppsprettur (Oddar): Sérlega fallett og vel gróið lindasvæði. Göngustígur liggur að því frá sumarhúshverfinu við Húsafell. Líklega ganga þónokkrir gestir svæðisins að uppsprettunum, þótt þær séu enn ekki á allra vitorði. Gönguslóðar eru greinilega nokkuð notaðir en í þokkalegu ástandi. Svæðið myndi ekki þola vel mikla umferð en umhverfi uppsprettanna er þó enn í góðu ásigkomulagi.

Hraunfossar: Stýring ferðafólks er komin í mjög góðan farveg með lagningu stíga, girðinga og útsýnispalla. Haldi fólk sig innan girðingar er mjög ólíklegt að þeir geti valdið nokkrum skemmdum. Einhver dæmi eru um að ljósmyndarar fari niður að ánni sunnanverðri og geta með því valdið einhverju raski en líklega er það fremur fátítt. Í vor voru felld birkitré sem skyggðu á útsýni að Hraunfossum, væntanlega á vegum Umhverfisstofnunar. Þau lágu enn neðan við gönguleiðir og útsýnispalla í júní. Skiljanleg og líklega skynsamleg aðgerð til að hindra að ferðamenn fari út fyrir girðingar en engu að síður leiðinlegt að sjá.

Lambeyrarkvísl: Sérstætt lindasvæði norðan Hvítár. Aðeins aðgengilegt með talsverðri göngu. Svæðið var skoðað með dróna sem settur var á loft sunnan Hvítár. Svæðið virðist mjög lítið heimsótt og er óraskað nema við tjörn á sunnanverðu svæðinu, þar sem litlum mannvirkjum (mögulega rannsóknabúnaði) hefur verið komið fyrir í og við vatnið.

Landbrotalaug: Lítil heit laug í Eldborgarhrauni. Var áður „leyndarmál“ heimamanna en öðlaðist miklar vinsældir eftir að hafa ratað á samfélagsmiðla og í bók um heitar laugar. Tveir til þrír geta verið í lauginni á hverjum tíma og útbjuggu heimamenn frumstæða baðaðstöðu með heitu vatni skammt frá til að dreifa álaginu. Sumarið 2020 var sett upp skilti við inngang að svæðinu sem segir að laugin sé lokuð af heilbrigðisástæðum. Þó er hægt að ganga að lauginni og baða sig í henni. Gerðir hafa verið stígar og bílastæði og var svæðið í ágætu ásigkomulagi sumarið 2020.

Rauðamelsölkelda: Vatnsmesta ölkelda landsins lætur lítið yfir sér en er talsvert heimsótt af ferðamönnum. Gönguslóði liggur í gegnum nútímahraun og yfir graslendi og brú að lindinni. Svæðið almennt í ágætu ástandi en slóðinn vel troðinn.

Skonsur (Skonsudalur) við Horn: Óvenjulega fallegar móbergsmýndanir á milli Selvallavatns og Hraunsfjarðarvatns. Svæði sem notið hefur aukinna vinsælda, enda stutt að ganga frá slóða sem lagður var vegna byggingar stíflu Hraunsfjarðarvatns við gerð Múlavirkjunar. Af samfélagsmiðlum að dæma hafa vinsældir aukist undanfarin ár og svæðið er viðkvæmt fyrir umferð. Skoðun leiddi í ljós að nokkur gróður- og jarðvegseyðing hefur orðið á svæðinu undanfarin ár en lítið er þó til af haldbærum gögnum um það (mögulega má nýta eldri ljósmyndir).

Áningarstaður og foss við Selvallavatn: Vegagerðin útbjó ágætan áningarstað við Vatnaleið þegar vegurinn var lagður. Þaðan er fallett útsýni yfir Selvallavatn og Berserkjahraun og sést einnig yfir í Hraunsfjörð og Kolgrafafjörð (Urthvalafjörð). Þúsundir ferðamanna stoppa þarna árlega og ganga niður á

mel fyrir neðan til að fá betra útsýni. Þar er fallegur lítill foss. Engir skilgreindir göngustígar eða slóðir eru á svæðinu, sem mjög hefur látið á sjá á undanförunum árum. Brýnt er að beina fólki inn á afmarkaða stíga.

Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn: Á gatnamótum Snæfellsvegar (54) og Helgafellssveitarvegar (577) hefur orðið til „sjálfssprottinn“ áfangastaður þar sem fólk stoppar og gengur út í úfið, fallet og mosavaxið Berserkjahraun. Þar er komið net af gönguslóðum sem ná nokkuð inn í hraunið. Gróðurfarið er mjög viðkvæmt og þolir þessa umferð illa. Engir innviðir eru á svæðinu.

Fuglalíf við Blautós og á Mýrum

Tilgangur: Að vakta breytingar á fuglalífi á mikilvægum og aðgengilegum fuglasvæðum á Vesturlandi; annars vegar Blautósi og Innstavogsnesi norðvestan Akrafjalls og hins vegar á Mýrum á svæðinu frá Borgarnesi að Akraósi. Fyrirnefnda svæðið er afmarkað og nokkuð notað til útivistar en lítil umferð er um Mýrar.

Framkvæmd

Aðgengileg svæði á vötnum og með ströndinni voru talin þrisvar, þ.e.a.s. undir lok maí, lok júlí og lok ágúst. Svenja Auhage (NÍ) taldi svæðið við Blautós og Innstavogsnes en Róbert A. Stefánsson (NV) taldi svæðið frá Borgarnesi að Akraósi.

Helstu niðurstöður

Á fyrirnefnda svæðinu sáust í heildina 50 tegundir en 45 á því síðarnefnda. Fjöldi fugla var í heildina séð nokkuð sambærilegur á svæðunum en þéttleiki fugla var þó margfalt meiri við Blautós.

	1. talning		2. talning		3. talning		Samtals	
Svæði	Tegundir	Einstakl.	Tegundir	Einstakl.	Tegundir	Einstakl.	Tegundir	Einstakl.
Blautós-Innstavogsnes	36	5.114	36	1.721	37	2.199	50	9.034
Mýrar	42	4.136	31	3.950	26	3.100	45	11.186
Samtals	51	9.250	40	5.671	42	5.299	63	20.220

Við Blautós var svæðinu ekki skipt í undirsvæði en á Mýrum voru 39 skilgreindir talningarstaðir. Niðurstöður voru skráðar þannig að skoða má fuglalífið eftir einstökum talningarstöðum.

Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði

Tilgangur: Að vakta breytingar á fjölda varpfugla og varpárangri bjargfugla á Snæfellsnesi og Breiðafirði á milli ára, m.a. til að varpa ljósi á tengsl fjölda og hegðunar ferðamanna við breytingar á fjölda og varpárangri bjargfugla.

Framkvæmd

Bjargfuglar voru ljósmyndaðir og taldir á sniðum á Snæfellsnesi við Arnarstapa, í Þúfubjargi, Saxhólsbjargi og Vallnabjargi og á Breiðafirði í Hvítabjarnarey, Þórishólma og Elliðaey. Staðirnir voru heimsóttir tvisvar yfir sumarið, fyrst í lok júní og byrjun júlí til að meta varpstofninn og í lok júlí til að meta varpárangur. Nánari lýsingu á aðferðum má finna í skýrslum um bjargfuglavöktun á landsvísu.²

Frávik frá verkefnislýsingu

Nokkuð hefur hrunið úr brúnum fuglabjarga á Snæfellsnesi. Þetta hefur haft þau áhrif að erfitt er orðið að ná myndum frá sömu stöðum og eldri myndir voru teknar án þess að tefla lífi rannsakenda í hættu. Í sumar voru gerðar tilraunir (með leyfi þjóðgarðsvarðar) með að nýta dróna til myndatökunnar. Það gekk sæmilega en þarf að útfæra nánar sumarið 2021.

Helstu niðurstöður

Náttúrustofa Vesturlands vann ekki úr niðurstöðunum, enda var það ekki hluti af verkáætlun 2020. Gögn voru send til Yanns Kolbeinssonar hjá Náttúrustofu Norðausturlands. Hann taldi af myndum og nýtti gögnin í mati á stofnbreytingum og varpárangri bjargfugla á landsvísu.³

² Yann Kolbeinsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Cristian Gallo, Erpur Snær Hansen, Jón Einar Jónsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sindri Gíslason og Arnþór Garðarsson 2019. **Vöktun bjargfuglastofna 2017 – 2019**. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1906.

³ Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2020. **Bjargfuglavöktun 2020 – 2022. Áfangaskýrsla 2020**. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2006.

Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Tilgangur: Að kanna fjölda og staðsetningu refagrenja í ábúð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.



Bleik tákn sýna staðsetningu þekktra refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Framkvæmd

Þekkt refagreni í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli voru heimsótt dagana 24. og 27. júní. Lagt var mat á það hvort þau væru í notkun (ábúð), auk þess sem ummerki og fæðuleifar voru skráð. Einnig voru skráðir þeir refir sem sáust. Verkefnið og niðurstöður þess byggja ofan á gagnasafn sem nær aftur til ársins 1989.

Helstu niðurstöður

Skilgreind greni í Þjóðgarðinum eru 25 talsins. Það gefur þó ekki rétta mynd af stöðunni, því hvert grenjanna eru í raun nokkrir staðir sem kannaðir eru. Stundum eru þeir með nokkurra metra millibili en í öðrum tilfellum geta verið hundruð metra á milli. Eitt af grenjunum eru í raun 11 mismunandi staðir, sem réttara væri að skilgreina sem a.m.k. tvö mismunandi greni. Í nokkrum tilfellum hefur orðið hefð að tala um „aukagreni“, þegar þau liggja nokkuð frá aðalgreninu. Útbúin var grenjaskrá og myndir af hverju þeirra settar í myndagrunn verkefnisins. Að þessu sinni var aðeins eitt greni í ábúð, sem er minnsti fjöldi grenja í ábúð á svæðinu frá því árið 2000. Síðustu 20 ár hefur fjöldinn sveiflast frá 1 upp í 5 en svæðið er

Þess eðlis að líklega eru mörg greni óuppgötvuð. Engar líkur eru á að fækkunin í ár orsakist af umferð ferðamanna.

Vinnuframlag

Í heildina urðu vinnustundir 96 fleiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar munar langmestu um að selaverkefnið varð talsvert umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir. Einkum stafaði það af því að fínþússun aðferða tók lengri tíma en búist var við og að í lokin var ný aðferðafræði og helstu niðurstöður teknar saman í óútgefið plagg, sem nýtast mun við framhald verkefnisins. Umframtímar vegna bjargfugla skýrast einkum af því að felttíma gleymdist að margfalda með 2 (tveir starfsmenn) í áætluninni en á móti var úrvinnslutími aðeins styttri vegna þess að úrvinnsla fór fram á vegum annars verkefnis (Yann Kolbeinsson). Úrvinnsla fuglatalninga á Mýrum tók styttri tíma en búist hafði verið við en öfugt var því farið varðandi refagrenin. Sú aukning kom einkum til vegna skilgreiningar á hverju og einu greni, sem ætti að taka mun styttri tíma hér eftir.

Verkefni	Fj. vinnutíma		
	Áætlun	Raun	Samtals
Selir við Ytri Tungu	350,00	421,52	71,52
Ástand áningarstaða	106,80	108,38	1,58
Bjargfuglar	57,00	69,42	12,42
Fuglar í Blautósi og á Mýrum	49,50	42,42	-7,08
Ábúð refagrenja	24,50	42,17	17,67
Samtals			96,11

Að lokum

Á heildina séð gekk framkvæmd verkefna vel, þótt í sumum tilfellum hafi þurft að slípa til aðferðafræði þegar komið var á staðinn. Með gagnaöflun sumarsins var lagður mikilvægur grunnur fyrir framhald verkefnisins.